

**241. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
mánudaginn 25. júlí 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2204191 - Deiliskipulag Garðabraut - Garðabraut 1**

Lýsing fyrir gerð deiliskipulagstillögu á Garðabraut 1 var auglýst með fresti til að skila inn ábendingu til 1. júlí 2022.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar ábendingar við lýsinguna. Ábendingar felast m.a. í hæð húss, skuggavarpi, mögulegum vindsveipum, aukningu á umferð o.s.fr. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.*

**2. 2203231 - Deiliskipulag Arnardalsreit - Skagabraut 43 - breyting bílapvottastöð**

Umsókn um að koma fyrir bílapvottastöð á lóðina skv. meðfylgjandi uppdrætti. Erindið var grenndarkynnt frá 23. júní til og með 22. júlí 2022, engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð sem starfar í umboði bæjarstjórnar að deiliskipulagsbreyting skv. grenndarkynningu verði samþykkt send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 2207119 - Deiliskipulag Smiðjuvellir - breyting Smiðjuvellir 4**

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla sem tekur til lóðarinna Smiðjuvellir 4. Breytingin felst m.a. í að breyta nh. úr 0,5 í 0,52, lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum Esjubraut verður 8 m í stað 10 m, byggingarreitur er stækkaður um 3,8 m<sup>2</sup>.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir Smiðjuvöllum 2, Esjubraut 49, Hagaflöt 11, Innnesvegi 1, Dalbraut 16, Skarðsbraut 17-19 og Þjóðbraut 13 og 13A.*

**4. 2205072 - Vesturgata 81 - umsókn um svalir pallur - breyting úti**

Umsókn um að byggja svalir á 2. hæð samkvæmt meðfylgjandi rissi.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna byggingarleyfi á svöllum við Vesturgötu 81.*

*Grenndarkynning er samþykkt m.t.t þess að talið er að mannvirkioð muni ekki hafa mikil áhrif á aðliggjandi lóðarhafa m.a. útsýnis. Áhrif mannvirkis á neðri hæð*

*GSE*

hússins er í lágmarki þar sem það skyggir einungis á útsýni frá stigapalli og þvottahúsi á neðri hæð þess.

Óskað er eftir ítarlegri gögnum varðandi grenndarkynninguna.

Grenndarkynnt skal fyrir lóðarhöfum á Vesturgötu 79 og 83.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10.

Gut - Engeþor Guðjus

Valgarður Þ. Þórssen

Socius Alexia Sigurmundsel.

Sig. P. H.

Hafður Síg rit.